

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. maí 2013  
Tilvísun: UST20130500060/bs

## Búrfellsvirkjun. Stækkun um allt að 140 MW - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lokaáfangu stækkunar Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW. Tveir valkostir koma til greina. Annars vegar útfærsla með pípum niður Sámsstaðaklif að stöðvarhúsi ofanjarðar og hins vegar að stöðvarhúsi verði neðanjarðar inn í Sámsstaðaklifi.

Um landslag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði segir m.a. á bls 25 í tilkynningarskýrslu:  
*„Landslag á framkvæmdasvæði sem og áhrifasvæði virkjunar er raskað eftir framkvæmdir og undirbúning framkvæmda á liðnum áratugum. Allt framkvæmdasvæðið ber skýr merki fyrri framkvæmda.“*

Fyrirhuguð virkjun mun hafa áhrif á rennsli í Þjórsá austan Búrfells, sem nú ræðst að nokkru af rekstri Búrfellsvirkjunar. Helstu áhrif verða þau að eftir stækkunina mun rennslislausum dögum frá inntaki niður undir Þjófafoss fjölga. Þetta mun hafa enn frekari neikvæð áhrif á fossa og flúðir sem njóta verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Rennsli í Fossá mun hins vegar aukast nokkuð og verða stöðugra. Mun slík breyting mögulega hafa jákvæð áhrif á lífríki árinna.

Ráðgert er að ganga frá öllu jarðraski á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem og því raski sem hefur orðið við fyrri framkvæmdir við Búrfellsvirkjun.

**Niðurstaða** Fyrirhuguð virkjun mun nýta betur rennsli sem þegar er virkjað í Sultartanga- og Búrfellsstöð. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað. Áhrif á fossa og flúðir eru að miklu leyti fram komin við fyrri virkjun. Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta betur rennsli vatnsfalla sem nú þegar eru virkjuð eins og í því tilfelli sem hér um ræðir í stað þess að virkja óröskuð vatnsföll.

Munur valkosta felst helst í mismunandi sjónrænum áhrifum. Mannvirki ofanjarðar hafa meiri sjónræn áhrif í för með sér en mannvirki sem staðsett eru neðanjarðar. Mannvirki ofanjarðar verða þó ekki sýnileg frá fjölförnum leiðum. Að framkvæmdum loknum verður gegnið frá öllu raski sem til er komið vegna virkjanaframkvæmda við Búrfell.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun þrátt fyrir umfang fyrirhugaðrar

framkvæmdar ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur